

**Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

**annars vegar**

**og**

**Félag skipstjórnarmanna**

**hins vegar**

**gera með sér svofellt**

## **S A M K O M U L A G**

**um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

**vegna Hafrannsóknastofnunarinnar**

### **1. grein**

#### **Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. ágúst 2010 til 31. janúar 2011 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

### **2. grein**

#### **Laun**

Núgildandi launatöflur félagsins samkvæmt grein 1.1.1 verða óbreyttar á tímabilinu.

Til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á sambærilegum töxtum á almennum markaði og hjá ríkinu munu skipstjórnarmenn fá greiddar þrjár greiðslur; eina 1. nóvember næstkomandi að upphæð 114.000 kr. og síðan tvær að upphæð 57.000 kr. hvor, aðra 1. desember 2010 og hina 1. janúar 2011. Réttur til þeirra er í samræmi við starfshlutfall í ágúst og september fyrir þá fyrstu, október fyrir þá næstu og nóvember fyrir þá þriðju. Á þær reiknast ekki orlof.

Þessar greiðslur verða hluti af launagrunni við samningsgerð fyrir 1. febrúar 2011, þó að teknu tilliti til heildarsamræmis launasetningar útgerðarinnar.

### **3. grein**

#### **Heildarsamningur**

Aðilar ætla að fram til 1. febrúar nk. verði unnið að gerð heildarsamnings Félags skipstjórnarmanna og fjármálaráðherra sem taki til alls samningssviðs skipstjórnarmanna hjá ríkinu.

Markmiðið er að gera miðlægan grunnsamning sem innihaldi stofnanapátt sem tryggir sveigjanleika í rekstri þeirra stofnana sem í hlut eiga. Einnig að einfalda launasamsetningu og framsetningu vinnutíma með áherslu á hlut grunnlauna.

Til að auðvelda breytta launasamsetningu mun núverandi fastlaunakerfi í kjarasamningi og samningum stofnunar falla úr gildi við lok þessa samningstímabils, þ.e. ekki verður þörf á sérstökum uppsögnum þeirra ákvæða. Þó verður greitt eftir núverandi ákvæðum eftir 1. febrúar 2011 þar til samningar hafa náðst.

Til að ljúka ofangreindum verkefnum tímanlega munu aðilar gera heilstæða verkáætlun fyrir miðjan október 2010. Þar verður meðal annars fjallað um aðkomu annarra hlutaðeigandi aðila.

### **4. grein**

#### **Samþykkt kjarasamnings**

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu svo fljótt sem auðið er og ekki seinna en innan viku frá undirritun. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 30. september 2010 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 24. september 2010

F.h. samninganefndar ríkisins  
með fyrirvara um samþykki  
fjármálaráðherra

*Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)*  
*Ágústa H. Gústafsdóttir (sign.)*  
*Sverrir Jónsson (sign.)*

F.h. Félags skipstjórnarmanna  
með fyrirvara um samþykki  
félagsmanna

*Guðjón Ármann Einarsson (sign.)*

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar  
*Vignir Thoroddsen (sign.)*

**Bókanir**  
**með kjarasamningi**  
**FS og fjármálaráðherra vegna Hafrannsóknastofnunarinnar**  
**24. september 2010**

**Bókun 1**

Vegna óleystra ágreiningsmála sem aðilar fresta eru aðilar sammála um að félagsmenn FS fá sérstaka greiðslu að upphæð 50.000 kr. sem greidd verði 1. október næstkomandi. Á hana greiðist ekki orlof og hún greiðist hlutfallslega eftir starfshlutfalli í ágúst.

**Bókun 2**

Verði gerðar breytingar á kjarasamningum á almennum markaði í tengslum við sjómannaafslátt eru aðilar sammála um að fylgjast með og meta áhrif þeirra á kjör félagsmanna.